

Efnamóttakan hf
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
13. ágú. 2013 8.14.2
Tilv. _____




Akureyri, 12. ágúst 2013
Tilvísun: UST20130500181/gsá


Afturköllun áminningar

Vísað er í bréf Umhverfisstofnunar frá 12. júlí sl. þar sem stofnunin veiti Efnamóttökunni hf. áminningu, sbr. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 55/2003, vegna þess að Efnamóttakan hf. hafði ekki skilað þeim magntölum úrgangs sem ber að gera sbr. ákvæði í starfsleyfi og fyrirtækinu er skylt skv. 9. gr. laga nr. 55/2003. Efnamóttakan lét vita af því þann 18. júlí að umbeðnum gögnum hafði verið skilað til stofnunarinnar með tölvupósti þann 1. mars 2013 en við úrvinnslu málsins yfirsást þessi tölvupóstur.

Beðist er innilega velvirðingar á þessum mistökum og er áminningin hér með dregin til baka og öll eftirfylgni þessa máls felld niður af hálfu Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur